

væri ekki sagt upp. En þegar við byggingu hússins mátti stefnda ljóst vera, sbr. þau ákvæði leigusamningsins, að hann gildi aðeins til eins árs í senn og sé uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara, að sú kynni að verða raunin á, að hús, er hann reisti á lóðinni, fengi aðeins að standa þar til bráðabirgða. Var því óvarlegt af stefnda og á áhættu hans að reisa á lóðinni slíkt hús, sem ekki yrði fjarlæggt nema með því að brjóta það niður. Að þessu athuguðu, og þar sem lóðarsamningurinn er, svo sem áður segir, fallinn úr gildi vegna uppsagnar, þykir stefndi ekki eiga rétt á að láta umrætt hús sitt standa lengur á lóðunum nr. 14—16 við Nesveg, og ber því að taka til greina kröfu stefnanda og dæma stefnda til að taka húsið burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu. Frestur til brotnámsins ákveðst 30 dagar (sic) frá birtingu dómsins að telja.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Ófeigi Guðnasyni, er skylt að taka burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hús sitt, sem stendur á lóðunum nr. 14—16 við Nesveg, innan 60 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 7. desember 1960.

Nr. 130/1960. **Halldór Jónsson** (Guðlaugur Einarsson hdl.)
gegn

Gunnari Eliassyni (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 27. júní 1960 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí s. á.

og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 2546.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 4138.50 frá 25. júlí 1957 til 5. marz 1960 og af kr. 2546.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að dæma ber stefnda til að greiða áfrýjanda 6% ársvexti af kr. 1592.50 frá 25. júlí 1957 til 5. marz 1960.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Elíasson, greiði áfrýjanda, Halldóri Jónssyni, 6% ársvexti af kr. 1592.50 frá 25. júlí 1957 til 5. marz 1960.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 12. marz 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 5. marz s.l., hefur Halldór Jónsson, Melteig 9, Akranesi, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. apríl 1959, birtri 24. apríl s. á., gegn Gunnari Elíassyni bakara, forstjóra og eiganda Nýja Bakarísins á Akranesi, til greiðslu á skuld, að upphæð kr. 4138.50, ásamt 7% ársvöxtum af upphæðinni frá 25. júlí 1957 til greiðsludags, flutningskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi yfir hveitisendingu og málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Stefndi, Gunnar Elíasson, hefur krafizt sýknu í málinu gegn greiðslu á andvirði 24 hveitisekkja á 25 kg hver, en síðan breytti stefndi þessu greiðslutilboði í andvirði 25 sekkja hveitis á 25 kg, sem stefndi reiknaði út að næmi kr. 1592.50 alls. Um leið og mál

þetta var dómtekið, greiddi stefndi til stefnanda eða málflutningsmanns hans á bæjarþinginu áminnzta kr. 1592.50, sem umboðsmaður stefnanda veitti viðtöku með fyrirvara.

Þá hefur stefndi krafizt málskostnaðar sér til handa úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Með m/s Akraborg, sem stefnandi, Halldór Jónsson, er afgreiðslumaður fyrir á Akranesi, barst hinn 25. júlí 1957 hveitisending, sem samkvæmt meðfylgjandi fylgibréfi, sem lagt hefur verið fram í málinu, skyldi afhent firmanu Haraldi Böðvarssyni & Co., Akranesi, en sendandi er I. Brynjólfsson & Kvaran í Reykjavík. Nánar tiltekið er hégreind farmsending samkvæmt fylgibréfinu þessi: 20 sekkir hveiti á 50 kg hver, alls 1000 kg, 25 sekkir hveiti á 25 kg hver, eða alls 625 kg, og 30 sekkir heilbaunir á 45,3 kg hver, eða alls 1359 kg. Óborgað farmgjald er kr. 20.90, en uppskipun og vörugjald er kr. 287.35 samkvæmt fylgibréfinu. Stefndi, Gunnar Elíasson, fékk einnig með sömu skipsferðinni hveitisendingu, sem nánar tiltekið var 60 sekkir hveiti á 50 kg hver, 30 sekkir rúgmjöl á 25 kg hver og 20 sekkir hálfsgigtimjöl á 50 kg hver, allt frá sama sendanda, I. Brynjólfsson & Kvaran í Reykjavík.

Samverkamaður stefnanda, Sigurjón Hannes Sigurðsson bifreiðarstjóri, Suðurgötu 18, Akranesi, sem hefur verið önnur hönd stefnanda við afgreiðslustörfin á Akranesi í mörg undanfarin ár, hefur borið vitni um það, hvernig uppskipun á þessum vörusendingum fór fram, og er hans framburður studdur með vitnaframburði Hrólfs Jónssonar verkamanns, sem einnig vann við uppskipun á kornvörusendingum þeim, sem m/s Akraborg flutti til Akraness 25. júlí 1957, en auk þess hafa fjögur önnur vitni verið yfirheyrð um þessi sömu atvik, nefnilega Ingólfur Jónsson, verzlunarstjóri hjá Haraldi Böðvarssyni & Co., Elías Níelsson verkamaður, Akranesi, Hannibal Einarsson, aðstoðarmaður í Nýja Bakaríinu, og Benedikt Helgason bifreiðarstjóri, Akranesi.

Af framburði þessara vitna allra, sem þó eru í sumum atriðum ekki samhljóða, virðist þetta koma greinilega í ljós:

1. Að einn bílfarmur kornvöru fór í land úr m/s Akraborg 25. júlí 1957 og var ekið í vörugeymslu hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. Eftir framburði vitnisins Ingólfs Jónssonar var sú vörusending frá Nathan & Olsen í Reykjavík. Kornvöruna, sem nefnd er á dskj. 2, segir vitnið, að hafi vantað alveg. Ekki er þó minnzt á þá 30 sekki heilbaunir, sem fylgibréfið, dskj. 2, tilgreinir sem

hluta vörusendingar þessarar. Vegna þessarar þagnar firmans og þess, að stefnandi er einungis látinn borga þau 1625 kg hveitis, sem með m/s Akraborg virðast hafa verið send með umræddri ferð og greidd voru af stefnanda með kr. 4128.50 síðar, er eðlilegast að líta svo á, að heilbaunasending þessi hafi komið til skila og Haraldur Böðvarsson & Co. hafi fengið þessa vöru.

2. Þá er einnig upplýst, að 25 sekkir hveitis, sem samkvæmt dskj. 2 áttu að fara til Haralds Böðvarssonar & Co., hafa lent saman við kornvörusendingu þá, sem stefndi, Gunnar Elíasson, forstjóri og eigandi Nýja Bakarísins, átti og skipað var upp úr m/s Akraborg 25. og 26. júlí 1957. Stefndi bauðst strax til að greiða stefnanda kostnaðarverð þessara sekkja, sem hann fyrst taldi hafa verið 24, en síðar greiddi hann til umboðsmanns stefnanda fyrir 25 sekki, þar eð hann taldi ekki skipta miklu máli, hvor talan væri tekin.

Verð þessara 25 hveitisekkja fékk stefndi uppgefið hjá heildverzlun í Reykjavík sem kr. 1592.50, en stefnandi gaf ekki sundurliðaðan reikning fyrir verðmæti þessa hluta sendingarinnar, en fór þó ekki fram á hærra verð fyrir þessa 25 sekki.

3. Eru þá eftir 20 sekkir hveitis á 50 kg hver, eða 1000 kg, sem hvergi kemur með vissu fram í málinu, hvar lent hafa. Eru vitnaframburðir ekki ljósir, hvað þenna hluta sendingarinnar snertir. Talning á hveitisekkjunum, sem upp úr skipinu komu, er ekki til og virðist ekki hafa fram farið, hvorki við skipshlið né við affermingu bifreiða þeirra, sem notaðar voru við uppskipunina þessa áður nefnda daga, svo að öruggt sé. Undantekning frá þessu eru þó þeir 24 eða 25 sekkir, á 25 kg hver, sem áður er getið og sem stefndi hefur viðurkennt að hafa tekið við. Þessir sekkir voru taldir í vöruskemmu stefnanda að Melteig 9, Akranesi, en þangað sótti stefndi þá síðar.

Stefnandi geymdi allmikið hveiti fyrir stefnda í þessari sömu skemmu, sem var ólæst og léleg geymsla, og hafði stefndi aðgang að henni eftir þörfum. Stefnandi heldur því fram, að umdeildir 20 sekkir hveitis á 50 kg hver, hafi verið fluttir í þessa sömu vöruskemmu úr m/s Akraborg og hafi stefndi tekið þá þar og hagnýtt sér þá ásamt þeim 25 sekkjum hveitis á 25 kg hver, sem hann tók þar, að vísu með samþykki stefnanda, en átti ekki að fá samkvæmt fylgibréfi.

Stefndi gefur þá skýringu á töku sinni á 25 sekkjum á 25 kg hver, sem stefndi og stefnandi álitu þá strax, að ættu að fara til stefnda, að stefndi hafi átt í þöntun hjá Eggert Kristjánssyni

& Co. hveiti, sem hann að vísu fékk seinna með bifreið frá Reykjavík, en taldi, að þessir 25 sekkir væru hluti af þeirri sendingu.

Stefndi hefur viðurkennt að hafa hagnýtt sér allt það hveiti, sem inn í vöruskemmu þessa var látið og þangað var flutt, og að hann hafi fengið leyfi stefnanda til að geyma kornvöru þessa í vöruskemmunnni vegna þrengsla heima fyrir. Hins vegar skortir algerlega allar sannanir fyrir því, hvort hinir 20 hveitisekkir, 50 kg hver, hafi verið í m/s Akraborg í þetta skipti og verið skipað í land á Akranesi. Hafi þessum hveitisekkjum verið skipað upp úr m/s Akraborg, skortir sönnun fyrir því, að þeir hafi verið fluttir með öðru hveiti í vöruskemmuna að Melteig 9, því hvergi kemur fram í málinu, að 50 kg hveitisekkirnir, sem þangað voru látnir úr skipinu, hafi verið taldir. Ekkert vitnanna, sem yfirheyrð hafa verið í máli þessu eða fyrir sakadómi Akraness um þessa hluti, hefur treyst sér til að fullyrða nokkuð um það, hvort 50 kg sekkirnir, sem látnir voru í skemmuna, hafi verið 60 talsins eða 80, enda alllangt um liðið frá því varan kom og þangað til farið er að rekast í þessu máli. Ósamræmi í framburði vitnanna um einstök atriði málsins annars vegar og stefnda hins vegar, sérstaklega um það, hve mikið hafi farið inn í vöruskemmuna þann 25. júlí og hvort eða hve mikið hafi verið sett þar inn af kornvöru daginn eftir, er skiljanlegt, þegar liðnir eru nær 4 mánuðir frá móttöku hveitisendinganna, þegar stefndi kemur fyrst fyrir dóm, en vitnin nokkrum dögum síðar. Þetta ósamræmi skiptir ekki máli um niðurstöðu dóms þessa, þar sem sönnun skortir fyrir því, hvort hinir umdeildu hveitisekkir hafi verið látnir inn í áðurgreinda vöruskemmu eða ekki. Verður því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Krafa stefnda um, að honum verði tildæmdur málskostnaður, verður ekki tekin til greina vegna þess m. a., að hann skilaði ekki þeim 25 sekkjum hveitis eða verðmæti þeirra til stefnanda þegar í stað eða strax og hann komst að raun um, að honum var óheimilt að taka við þessari vörusendingu. Enn fremur virðist stefndi eiga nokkra sök á því hirðuleysi, að ekki fór fram ugglaus talning á kornvöru þeirri, sem hann veitti móttöku og fékk geymda í vöruskemmunnni að Melteig 9 25. júlí 1957 og líka daginn eftir.

Þykir því eðlilegast, að málskostnaður falli niður.

Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna. Sökum annríkis var dómur þessi ekki upp kveðinn fyrir.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Elíasson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Halldórs Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 9. desember 1960.

Nr. 199/1960. **Jens Sveinsson**

gegn

Karli Pálssyni, Páli Árnasyni og Birgi Árnasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frestbeiðni.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. nóvember 1960, sem hingað barst 25. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um umbeðinn frest og varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum in solidum kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jens Sveinsson, greiði varnaraðiljum, Karli Pálssyni, Páli Árnasyni og Birgi Árnasyni, kærumálskostnað, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.